



Framvinduskýrsla Markaðsstofa Suðurlands nóv 2011 – jan 2012

Heimsóknir í stofnanir og ráðuneyti

Í desember heimsóttu undirritaður, framkvæmdastjóri Markaðsstofunnar, ásamt Ásbirni Jónssyni formanni Ferðamálasamtaka Suðurlands nokkrar stofnanir í Reykjavík, Íslandsstofu, Ferðamálastofu og iðnaðarráðuneytið. Tilgangur þessara heimsókna var að kynna starfssemi Markaðsstofu Suðurlands og ýmis klasaverkefni á svæðinu og hvetja til frekara samstarfs við markaðsstofuna. Í því skyni voru kynntar hugmyndir um frekari aðkomu Suðurlands að ýmiss konar landkynningarverkefnum sem þessar stofnanir standa að, s.s. sýningum og kynningarfundum erlendis.

Fundirnir voru gagnlegir og greinilegur mikill áhugi þeirra sem við hittum yfir þeim verkefnum sem unnið er að á Suðurlandi.

Endurnýjun samstarfssamninga við sveitarfélög

Þrettán af fimmtán sveitarfélögum á Suðurlandi eru núna aðilar að Markaðsstofu Suðurlands. Sveitarfélögin Árborg og Ölfus gengu frá samningum við Markaðsstofuna til 2014. Sveitarfélagið Rangárþing ytra sá sér ekki fært að ganga frá samningi og Vestmannaeyjabær er í endurskoðun hvað varðar uppbyggingu á stoðkerfi ferðapjónustunar. Lögð verður áhersla á að kynna sérstaklega verkefni Markaðsstofunar fyrir þessum tveimur sveitarfélögum með það fyrir augum að þau verði orðni fullir þátttakendur árið 2013.

Tekin var upp sú nýbreytni að senda reglulega öllum sveitarstjórnarmönnum á Suðurlandi framvinduskýrslur Markaðsstofunnar ásamt upplýsingum um ýmis verkefni sem unnin eru á vegum Markaðsstofunnar. Á það jafnt við um sveitarfélög sem eru aðilar að Markaðsstofunni og hin sem eru það ekki.

Nýir samstarfsaðilar

Markaðsstofan hefur fest sig í sessi á Suðurlandi. Vel hefur gengið að kynna starfsemina innan svæðis. Með stuðningi landshlutaþaða, ferðapjónustuaðila og sveitarstjórnarmanna hefur starfseminni vaxið ásmegin. Fleiri fyrirtæki og aðilar sjá sér hag í því að nýta sér þjónustu Markaðsstofunnar og eins hafa reglulegar agenta-ferðir um svæðið skilað góðri tengingu við grasrótina.

Á síðasta ári settum við okkur það mark að fjölga fyrirtækjum sem eru aðilar að Markaðsstofunni í 150. Þetta markmið náðist og gott betur því þau eru nú um 170. Þegar kynningarbæklingar landshlutanna eru bornir saman er þjónusta fyrirtækja klárlega fjölbreyttust á Suðurlandi hvort

heldur um er að ræða gistingu, veitingar, afþreyingu eða ferðaþjónustu. Mikilvægt er að landshlutabæklingurinn beri því glöggt vitni hvað er á boðstólum í fjórðungnum og stöðug vinna tengd uppfærslu hans.

Fjárhags- og starfsáætlun

Í lok árs vann framkvæmdastjóri ásamt stjórnarformanni að gerð fjárhags- og starfsáætlunar fyrir árið 2012. Fjárhagsáætlunin er raunhæf og gerir ráð fyrir að áfram verði lögð áhersla á móttöku agenta inn á svæðið í kynnis- og FAM-ferðir. Á sama hátt er í starfsáætlun leitast við að gefa yfirsýn um einstök verkefni sem unnin verða á árinu og um samstarfsaðila. Með fjölbreyttari verkefnum og nýjum starfsmanni er reksturinn orðinn umfangsmeiri. Á þessu ári er gert ráð fyrir fastráðningu nýja starfsmannsins og komu fleiri agenta inná svæðið, svo eitthvað sé nefnt.

Stjórnarfundir

Reglulegir stjórnarfundir hafa verið haldnir mánaðarlega á tímabilinu og farið ítarlega yfir verkefni Markaðsstofunar hverju sinni. Það er starfseminni styrkur að stjórnin tekur virkan þátt í starfinu og leitast við að hafa góða yfirsýn yfir einstök verkefni sem unnið er að.

Á stjórnarfundum sem haldinn var í Húsinu á Eyrarbakka 9. desember 2011 var fjárhags- og starfsáætlun Markaðsstofu Suðurlands fyrir árið 2012 kynnt og samþykkt.

Allar fundargerðir, starfsáætlun og ársuppgjör má finna á vef Markaðsstofunnar www.markadsstofa.is sem er einnig upplýsingagátt um starfsemina fyrir ferðaþjónustuaðila.

Samlegðaráhrif og staðsetning skrifstofu

Það hefur verið styrkur fyrir starfsemi Markaðsstofunnar að vera staðsett undir sama þaki og Háskólafélag Suðurlands (Glaðheimum - Tryggvagötu 36, Selfossi) og ýmis samlegðaráhrif tengd því. Þ. á m. í formi stuðnings við útfærslu ýmiss konar verkefna. Í því sambandi má nefna verkefnið **Fræðandi ferðaþjónusta** sem Markaðsstofan fékk 5 milljóna styrk í að vinna frá Vaxtasamningi Suðurlands á síðasta ári. Öll vinna við frumgerð verkefnsins hefur verið unnin af verkefnsstjóra á vegum Háskólafélagsins, Hrafnkatli Guðnasyni. Markmiðssetning og ákvarðanir um þróun verkefnsins hefur hins vegar hvílt á herðum bæði Háskólafélagsins og Markaðsstofunnar. Það er ánægjulegt hvað verkefnið er komið vel á veg og næstu skref að kynna það enn frekar fyrir ferðaþjónustunni á Suðurlandi og hrinda því í framkvæmd.

Annað verkefni sem Markaðsstofan hefur komið að er **Katla Jarðvangur / Katla Geopark sem er samstarfsverkefni** í sveitarfélögunum Rangárbæ eystra, Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi. Markaðsstofan hefur verið ráðgefandi hvað varðar markaðssetningu og annað sem á samleið með markmiðum Markaðsstofunnar, þ. á m. um kynningarleiðir. Markaðsstofan tók af skarið um að hefja vinnu við gerð nýs myndbands á svæði jarðvangsins sem tekur sérstaklega til stöðu mála eftir nátturuhamfarirnar á Suðurlandi á seinustu misserum. Með því að samhæfa krafta í sameiginlegri markaðsvinnu, hvort sem er við vinnu á veraldarvefnum, gerð bæklinga eða kaup á auglýsingum næst betri árangur fyrir minna fé.

Önnur verkefni sem Markaðsstofan hefur komið að má nefna Matarsamfélag Suðurlands og Ferðaklasi í Sveitarfélaginu Ölfus, svo eitthvað sé nefnt.

Undirbúningur fyrir sýninguna „Suðurland í sókn“

Í fyrra stóðum við Sunnlendingar að sýningunni „**Suðurland já takk**“ í Ráðhúsi Reykjavíkur um miðjan mars. Sýningin tókst vel og var almenn ánægja með undirtektirnar. Ætlunin er að Markaðsstofan endurtaki nú leikinn og standi ásamt fyrirtækjum á Suðurlandi fyrir kynningu í Ráðhúsinu Reykjavíkur 16. og 17. mars 2012. Sýningin verður að þessu sinni haldin undir yfirskrifinni „**Suðurland í sókn**“ með sams konar sniði og í fyrra. Fyrri daginn verður fagaðilum sérstaklega boðið (ferðaskrifstofum og bókunar- og upplýsingamiðstöðvum) og seinni daginn verður almenningi gefinn kostur á að koma og kynna sér það sem við Sunnlendingar höfum upp á að bjóða. Þátttökukostnaði verður sem fyrr haldið í lágmarki til þess að sem flest fyrirtæki sjái sér hag í að koma og kynna sig. Ætlunin er að undirbúningshópur vinni að sýningunni og deili niður verkefnum þannig að hver taki ábyrgð á sínum verkþætti.

Markaðsstofur landshlutanna hafa komið sér saman um að halda ekki sýningu í Perlunni í vor eins og verið hefur undanfarin ár. Kraftarnir verða í staðinn nýttir til að koma á öfugri sameiginlegri kynningu innanlands. *Þess ríkari ástæða er til að við Sunnlendingar fylkjum liði og höldum okkar eigin kynningu.*

FAM-ferðir og workshops

Á haustmánuðum sendum við öllum markaðsskrifstofum Icelandair, Iceland Express, WOW Air, Íslandsstofu og Ferðamálastofu erindi þar sem kynntar voru **FAM-ferðir** (agenta-ferðir) um Suðurland. Þessum erindum var einnig fylgt eftir með fundum í höfuðstöðvum fyrirtækjanna. Einnig gafst tækifæri til að heimsækja markaðsstofu Icelandair í Kaupmannahöfn í desember.

Markaðsstofan býður fram krafta sína í að koma að og skipuleggja slíkar ferðir um fjórðunginn á sama hátt og við höfum gert. Við teljum markaðssetningu með heimsóknnum af þessu tagi skipta verulegu máli fyrir fyrirtækin og fallin skila þeim bestum árangri á hagkvæman hátt. Ferðabjónustuaðilinn fær með þessu móti beint samband við ferðakaupendurna á sínum eigin heimvelli og ferðakaupandinn ferðast um fjórðunginn og kynnist honum af eigin raun. Til þess að þetta sé hægt þurfum við að vera í nánú samstarfi við flugfélögin og þá aðila sem eru að selja og markaðssetja Ísland erlendis, því kostnaður við flug til og frá landinu getur verið verulegur.

Markaðsstofan hefur skipulagt og stutt þessar ferðir með veglegum stuðningi sunnlenskra ferðabjónustufyrirtækja, svo sem ókeypis gistingu, mat og ferðum. Nú þegar eru fyrirhugaðar þrjár ferðir á vormánuðum. Þar sem ógjörningur er að heimsækja öll fyrirtæki á hverju svæði hefur verið tekin upp sú nýbreytni að bjóða halda svokallaða kynnisfundi eða *workshops* á ákveðnum stöðum þar sem hverjum og einum gefst tækifæri til að koma og kynna starfsemi sína.

Annað sem Markaðsstofan hefur rætt um er að fá meiri aðkomu að *workshops* eða kynnisfundum sem flugfélögin og Íslandsstofa hafa haldið á erlendum mörkuðum, þ.e.a.s. að fyrirtækin eigi þess kost að koma og kynna sig þar sjálf með lágmarkspátttökukostnaði. Stærri sýningar eru orðnar óhóflega dýrar og erfitt sökum kostnaðar fyrir mörg fyrirtæki að taka þátt í þeim. Þess vegna er nauðsynlegt að leita fjölbreyttari og ódýrari leiða í kynningar- og markaðsstarfi. Forsvarsmenn

flugfélaganna hafa tekið málaleitan Markaðsstofunnar í þessa veru vel og er góður möguleiki á að við Sunnlendingar getum fengið að taka þátt í þessum verkefnum.

Kynnisferðir um Suðurland

Afar mikilvægt er að við séum dugleg við að minna á okkur. Stór liður í því er að bjóða innlendum ferðaskrifstofum,

bókunar- og
upplýsingamiðstöðvum

og blaðamönnum

reglulega í kynnisferðir. Í

vetur höfum verið farið

mánaðarlega í ferðir um

Suðurland og tekið fyrir

einstök svæði. Í

september og október

fórum við í Árnes- og

Rangárvallarssýsla, í

nóvember í Austur-

Skaftafellssýslu og í

desember í Vestur-Skaftafellssýslu. Ætlunin er að halda áfram með þessar

kynnisferðir eftir áramót og vera með ferð í hverjum mánuði. Þannig er fyrirhugað að vera með ferð

til Vestmannaeyja í lok janúar, Árnessýslu í febrúar, Rangárvallarssýslu í mars, Austur-Skaftafellssýslu í

apríl og Vestur-Skaftafellssýslu í maí. Almennt er mikill áhugi á þessum ferðum og ánægjulegt að

stóru ferðaskrifstofunni í Reykjavík skuli líka sjá tækifæri í að senda starfsfólk sitt til okkar. Auk þess

skapa ferðirnar góð tengsl og samvinnu milli ferðaþjóna og þessara aðila.



Vinna við heimasíðu

- Qr-kóði unninn fyrir hvern einasta aðila Markaðsstofunnar, vistaður og geymdur til að nota í bækling næsta árs. Virkilega tímafrek vinna.
- Nýja útgáfan af bæklingnum sett inn á south.is
- Átak gert í uppfærslu á facebook síðu South.is, amk 5 innlegg sett inn í viku sem hefur skilað sér vel í notkun á fb-síðunni.
- Unnið jafnt og þétt í viðburðadagatali á south.is
- Ástandsskoðun á vef South.is keypt af Vefstjóra.is
- Vetrarmyndir settar inn á bannerinn á South.is og inn á facebook síðuna
- Facebook síðan tengd við Twittersíðuna sem uppfærist nú í takt við facebookið
- Fundað með Vefstjóra um áframhaldandi vinnu við vefinn, mikil vinna framundan við að minnka „bounce rate“, (þeir sem opna síðuna en fara strax út aftur). Ljóst er að það þarf að láta vinna leitarorðalista og eins fara úti einhverjar breytingar á forsíðunni og gera hana meira

grípandi fyrir ferðamanninn. Eins og síðan lítur út í dag er tilgangur síðunnar ekki mjög ljós þegar forsíðan er skoðuð sem gæti verið ein útskýring á háum „bounce rates“.

- Opnunartímar ferðaþjóna yfir hátíðarnar safnað saman í skjal og sent á ferðaskrifstofur, hótél og víðar.
- Búinn til netfangalisti yfir alla sveitarstjórnarmenn og -konur á Suðurlandi.
- Uppfærði glærupakka um Suðurland sem notaður er við kynningar
- Tók saman lista yfir sögustaði á Suðurlandi sem notaður verður þegar fam-ferð með áherslu á sögu verður farin.
- Upplýsinga aflað vegna auglýsinga á Facebook en ákveðið að bíða með það þangað til að búið er að gera útlitsbreytingar á South.is

Samstarfshópur markaðsstofanna

Mánaðarlega hefur samstarfshópur markaðsstofa landshlutanna hist til að ræða sameiginleg verkefni. Eitt af stóru verkefnum okkar hefur verið sameiginleg sýning í Reykjavík á vormánuðum „Íslandsperlur“. Núna hefur verið ákveðið að hætta með þá sýningu og leggja áherslu á markaðssetningu í fjölmiðlum og höfða til íslensks almennings að ferðast innanlands utan háannar. Ýmis hagsmunamál hvað varðar rekstur markaðsstofanna hafa verið í brennidepli svo sem framlög ríkisins til rekstursins en á seinustu árum hafa framlögin til okkar verið skorin verulega niður.

Samráðsvettvangurinn hefur reynt markaðsstofunum afar mikilvægur þótt svæðin séu ólík og með mismunandi áherslur. Sameiginleg hagsmunamál eru fjölmörg, m.a. vilji til að lengja ferðamannatímamann og fé betri nýtingu á fjárfestingu þeirra sem í greininni starfa.

Samstarfsvettvangur ferða- og menningarfulltrúa

Mikilvægt er að við sem vinnum að menningar- og ferðamálum innan svæðisins hittumst reglulega. Um miðjan desember hittum við ferða- og menningarfulltrúa á Suðurlandi og kynnti framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands starfsáætlun fyrir árið 2012. Brýnt er að við séum öll meðvituð um næstu skref og framtíðarsýnina, að við göngum öll í takt og séum þannig líklegri til að ná settum markmiðum. Því miður komust fáir á fundinn vegna jólaanna, en vonandi nær þessi vettvangur að vaxa og dafna landshlutanum til framdráttar.

N4

Samvinna með landshlutasjónvarpinu N4 hefur gengið vel og er ætlunin að halda áfram að styðja við bakið á þáttagerð um Suðurland. Nú þegar hafa verið gerðir þættir um stóran hluta af Suðurlandi en ætluin er að halda áfram gerð þátta um Austur-Skaftafellssýslu og önnur svæði strax á nýju ári.

Helstu verkefni í framundan:

- **Mid – Atlantic febrúar**
 - **Pre-tour um Suðurland í tengslum við sýninguna**
- **Kynnisferðir innlendra ferðakaupenda um Suðurland**
- **Undirbúningur vegna sýningar í Ráðhúsi Reykjavíkur**
- **Vinna við nýjan landshlutabækling og ímyndarbækling**
- **Aðstoð og ráðgjöf vegna gerða sjónvarpsþátta N-4**
- **Workshop í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og London**
- **Matarsamfélag Suðurlands**

gert DAS 09.01.12